

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs á
Halldórsstöðum til Mýri og Lundarbrekku til Bjarnastaða í
Bárðardal í Þingeyjarsveit.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/1



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Melar fyrir ofan Bjarnastaði, mynd er tekin í norð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/1

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð í Bárðardal. Framkvæmdasvæðið var annars vegar frá Halldórsstöðum þar sem frá var horfið sumarið 2023¹ að Bólstað og Mýri. Hins vegar austur yfir Skjálfandafljót í gegnum Lundarbrekku, Bjarnastaðir og Rauðafell í Þingeyjarsveit en áform eru uppi um að leggja rafmagnsstrenginn sumarið 2025.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Fornleifaskráning hafði farið fram að hluta af vestur leiðinni sumarið 2016 en að austur leiðinni var til skýrsla þar sem búið var að taka saman allar skriflegar heimildir um menningarminjar í Bárðardal.

Vettvangsskráningin fór fram um miðjan september 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3390.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Hákon Jensson, bls. 6.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, niðurrhalsgögn og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal, svæðisskráning“⁸ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um svæðið. Á Mýri og Bólstað var til nokkuð ítarleg fornleifaskráning „Fornleifar fremst í Bárðardal vestanmegin, Mýri, Mjóidalur, Íshóll og Litlatunga.“⁹ Til viðbótar þessum upplýsingum gáfu heimamenn góðar upplýsingar um svæðið og menningarminjar á því.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá Kortavefsjá Landmælinga Íslands. Í öllu þessu ferli var lagt upp með það að forðast sem flestar minjar og þar sem hægt var að koma því við var framkvæmdasvæðið fært út fyrir 15 m friðhelgissvæði minja.

4. Fornleifaskráning

Mýri/Bólstaður:

Fornleifanúmer: 3390-01

Hnit: A574919.0 N545576.0 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá fyrir Mýri og Bólstaðs segir: „Svæðið suður frá Stórugróf að Stekkjargili heitir Stórugrófarleiti. Þar er ofan við veginn, áður reiðgötur.“¹⁰ Í fornleifaskráningunni frá 2016 segir að reiðgötturnar hafi verið þar sem núverandi vegur er í gegnum skóginn.¹¹ Engin ummerki sáust af þessum reiðgötum, líklega horfið við veglagningu.

Fornleifanúmer: 3390-02

Hnit: A574682.0 N543602.0 ISN93

Vörðugróf

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá fyrir Mýri og Bólstaðs segir: „Næsta gróf sunnan við Malarlæk heitir Vörðugróf.“¹² Í fornleifaskráningunni frá 2016 segir að hún sé sunnan við stóra malanámu sem hefur verið gerð ofan vegar og engin varða sé við grófina né ofan eða neðan við hana.¹³

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ Hildur og Sædis, 2001, bls. 123-151.

⁹ Orri Vésteinsson, bls. 10-40.

¹⁰ Örnefnaskrá Mýri og Bólstaðs, bls. 1.

¹¹ Orri Vésteinsson, bls. 35.

¹² Örnefnaskrá Mýri og Bólstaðs, bls. 3.

¹³ Orri Vésteinsson, bls. 19.

Grófin er afmörkuð í Örnefnasjá Landmælinga Íslands og er hún um 520 m norður af útihúsunum af Mýri og Bólstað og byrjar töluvert fyrir ofan veginn og nær niður að Skjálfandafljóti.¹⁴ Engin ummerki um vörðu var nærri framkvæmdasvæðinu.

Fornleifanúmer: 3390-03

Hnit: A575012.0 N543151.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í fornleifaskráningunni frá 2016 segir frá heimildum af kofum sem hafi verið fyrir norðan og neðan útihúsin á Bólstað og Mýri, þó er tekið þar fram að staðsetning sé ónákvæm.¹⁵ Þar er nú slétt tún og engin ummerki um eldri mannvirki, ekki sáust heldur ummerki um það á eldri loftmyndum.¹⁶

Fornleifanúmer: 3390-04

Hnit: A574993.5 N543091.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá hefur verið túngarður þar sem leið rafmagnsstrengsins fer í gegnum túnið um 35 m austur af útihúsunum á Mýri og Bólstað. Engin ummerki um garðinn sjást í ræktuðu í túni.

Lundarbrekka:

Fornleifanúmer: 3390-05

Hnit: A574430.8 N551883.2 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá hefur verið túngarður þar sem framkvæmdasvæði Raríks er um 13 m norður af heimreiðinni að Lundarbrekku en afmörkunin á túngarðinum í suður virðist hafa verið lækurinn. Engin ummerki um garðinn sjást í ræktuðu í túni.

Fornleifanúmer: 3390-06

Hnit: A574731.9 N551510.2 ISN93

Sérheiti: Haustmór

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaská Lundarbrekku segir: „Grafir norður undir túni og Haustmór með Finnukleif.“¹⁷ Búið er að afmarka Haustmó í Örnefnasjá Landmælinga Íslands, stykki um 280 m suð-austur af útihúsunum á Lundarbrekku. Stykkið nær alveg frá þjóðvegi upp að brekkunni til austurs.¹⁸ Ekki var hægt að sjá nein ummerki um mótekju á því svæði sem rafmagnsstrengurinn á að liggja.

¹⁴ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá

¹⁵ Orri Vésteinsson, bls. 26.

¹⁶ Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá.

¹⁷ Örnefnaskrá Lundarbrekku, bls. 8.

¹⁸ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá

Bjarnastaðir:

Fornleifanúmer: 3390-07

Hnit: A575476.4 N550525.3 ISN93

Hlutverk: Landamerkjagarður

Tegund: Garðlag

Fast austan við skurð um 280 m ofan vegar á milli Lundarbrekku og Bjarnarstaða er garðlag. Samkvæmt heimildarmönnum þá var þessi garður á landamerkjum jarðanna,¹⁹ ekki er þó minnst neitt á hann í landamerkjabréfum Lundarbrekku²⁰ eða Bjarnastaða.²¹ Garðlagið var mjög greinilegt í austur frá skurðinum og að brekkunni en virtist svo fjara út í brekkunni. Það er hins vegar greinilegt á loftmyndum og samkvæmt þeim nær það um 679 m í austur. Garðlagið var um 0,2-0,5 m á hæð og breidd 0,8-1 m. Á loftmyndum frá 1976 er hægt að sjá að garðlagið lá líka í vestur en hefur verið raskað þar vegna skurðgraftar.²² Samkvæmt heimildarmanni var þetta hraungarður neðst sem síðar var rifinn, svo kom torfgarður og efst er hann grjóthlaðinn.²³



Mynd 1. Landamerkjagarður, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3390-08

Hnit: A576603.6 N549395.3 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Framkvæmdasvæði Rariks nær inn á gamla bæjarstæðið á Bjarnastöðum, samkvæmt heimildarmanni var gamla bæjarstæðið þar sem íbúðarhúsið á Rauðafelli eru núna.²⁴ Þegar

¹⁹ Jón Gústafsson og Jónas Sigurðsson, munnleg heimild.

²⁰ Landamerki Lundarbrekku í Ljósavatnshreppi.

²¹ Landamerki Bjarnastaða í Ljósavatnshreppi.

²² Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá.

²³ Jón Gústafsson, munnleg heimild.


²⁴ Friðrika Sigurgeirsdóttir, munnleg heimild

túnakortið var staðsett út frá íbúðarhúsinu á Rauðafelli þá passar það nokkuð vel við aðrar menningarminjar sem eru ennþá sýnilegar á svæðinu. Til að mynda túngarð sem er í kringum 45 m norður af heimreiðinni og um 94 m vestur af heimargrafreitnum. Túngarðurinn liggur í norður um 87 m en beygir svo í austur og liggur þar í eina 119 m. Garðurinn er í girðingarstæði og er breidd hleðsla 0,3-0,5 m og hæð 0,2-0,4 m. Samkvæmt túnakortinu hefur hann líka legið lengra suður en þar á einmitt rafmagnsstrengur Rariks að fara í gegn en þar sjást aðeins stakir steinar hjá girðingunni. Samkvæmt heimildarmanni var honum viðhaldið þar sem hann er sýnilegur.²⁵ Ekki sjást neinar leifar af túngarðinum í austur þar sem leið rafmagnsstrengsins liggur út fyrir gamla heimatúnið.



Mynd 2. Túngarður á Bjarnarstöðum í girðingarstæði, mynd er tekin í suður.

²⁵ Jón Gústafsson, munnleg heimild.



Nafn Halldórsstaðir - Mýri, Lundarbrekka - Bjarnastaðir	Dags. 12.01.2025 hj	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæðis Rariks í Bárðardal.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv. 1:25000 í A3		Unnið eftir mynd nr. Myndþekja, Ísland frá Landmælingar Íslands.

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Raríks var beggja megin við Skjálfandafljót og í þessu verkefni voru átta minjastaðir skráðir þar af voru 4 vestan megin við fljótið. Minjastaðirnir fjórir vestan við fljótið voru allir einungis til sem heimildir og þar af höfðu þrír verið skráðir í fornleifaskýrslunni frá 2016. Austan megin við fljótið voru fjórir staðir skráðir og þar af tveir sem heimildir. Hinir tveir voru sýnilegir að hluta en þó erfitt að greina þá þar sem framkvæmdasvæði Raríks liggur um. Á nokkrum stöðum þar sem minjar voru eða grunur um minjar var framkvæmdasvæðið fært út fyrir 15 m friðhelgissvæði minjanna. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 29. Janúar 2025
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Hákon Jenson. Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Stóruvöllum til Halldórsstaða í Bárðardal í Þingeyjarsveit. (2023). Rannsóknarskýrslur 2023/7. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Hildur Gestsdóttir og & Sædís Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. (2001). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Landamerki Bjarnarstaða í Bárðardal no.9 8[14r-14v]. Landamerkjabók Þingeyjarsýslu B. [1888-1889]. Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerki Lundarbrekku í Ljósavatnshreppi. Landamerkjabók Þingeyjarsýslu [1883-1890]. Þjóðskjalasafn Íslands.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 10.01.2025

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 10.01.2025

Orri Vésteinsson. Fornleifar fremst á Bárðardal vestanmegin. Mýri, Mjóidalur, Íshóll og Litlatunga. (2016). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimildarmenn:

Friðrika Sigurgeirsdóttir, 1959, Bjarnastaðir, Þingeyjarsveit.

Jónas Sigurðsson, 1950, Lundarbrekka 2, Þingeyjarsveit.

Jón Gústafsson, 1946, Rauðafell, Þingeyjarsveit.

Lotta Wallý Jakobsdóttir, 1950, Rauðafell, Þingeyjarsveit.

Sveinbjörn Tryggvason, 1963, Mýri 2, Þingeyjarsveit

Örnefnaskrár:

Lundarbrekka. Bárðardælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Baldur Jónsson Lundarbrekku, skráin er rituð 1953. Samlesið G.M.

Mýri og Bólstaður. Bárðardælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið S.J.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Bjarnastöðum í Bárðdælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Uppdráttur af túni á Lundarbrekku í Bárðdælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Uppdráttur af túni á Mýri í Bárðdælahreppi í S.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.